



14. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn í Þjónustumiðstöð UMFÍ 4. febrúar 2017

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Helga Jóhannesdóttir (HeJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Björn Grétar Baldursson (BGB), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Forföll boðuðu: Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Þorgeir Örn Tryggvason (ÞÖT) og Kristinn Óskar Grétuson (KÓG)

1. Fundur settur kl.09:00.

GG falið að rita fundargerð.

2. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra

AIP lagði fram og fór yfir minnisblað yfir helstu verkefni milli funda. HV ræddi samskipti við opinbera aðila.

3. Framkvæmdastjórnarfundargerðir nr. 9, 10 og 11

Farið yfir fundargerðirnar og þær samþykktar.

4. Bréf sem borist hafa

- Landsmótsnefnd UMFÍ 50+ í Hveragerði. Ósk eftir breytingum á 6. og 12. grein regla Landsmóts UMFÍ 50+. Samþykkt að verða við þeim fyrir mótið og leggja þær síðan fram á þingi í haust. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.
- UMSB og Borgarbyggð. Ýmsar ábendingar um framkvæmd Unglingalandsmóts UMFÍ 2016. Stjórn þakkar fyrir góðar ábendingar sem faldar eru framkvæmdastjóra til frekari úrvinnslu.

5. Fjármál

Lögð fram drög að heildaryfirliti um rekstur 2016. Niðurstaða ársins er jákvæð. Umræða um einstakar rekstrareiningar. Framkvæmdastjóra falið að gera tillögu að reglum um fjármál og innkaup.

6. EUF

Farið yfir málefni Evrópuskrifstofunnar.

7. Felix

Elías Atlason, starfsmaður Felix-kerfisins, mætti til fundar til að kynna stöðu vinnu við kerfið. Stefnt er að því að Felix 2.0 fari í loftið í næstu viku enda þurfa félög að fara að vinna að starfsskýrsluskilum. Staðan rædd, m.a. komu fram ábendingar sem sendar verða áleiðis. Eins þurfa að vera skýrar reglur um meðferð persónuupplýsinga í Felix. Samkvæmt starfsmanni stefnir í að vinna við kerfið fari fram úr áætlun. Stjórn lýsir áhyggjum yfir því að svo virðist sem hvorki tíma- né kostnaðaráætlanir standist. Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir upplýsingum um hver fjárhagsstaða verkefnisins er, hvað sé áfallið á það, hve mikið sé eftir og stöðu aukaverkefna.

8. Íþróttanefnd ríkisins

HV sagði frá samtali við Björgu Jakobsdóttur, fulltrúa UMFÍ í nefndinni, og lagði fram punkta frá Björgu um vinnu nefndarinnar. Meðal annars er unnið að nýrri íþróttastefnu ríkisins.

9. Fundir – samstarf við ÍSÍ

HV og AIP sögðu frá fundum með forseta ÍSÍ og framkvæmdastjóra um samvinnu milli samtakanna. Rætt um frekari möguleika á samvinnu. Stjórn UMFÍ hefur áhuga á að funda með stjórn ÍSÍ.

10. Umsóknir íþróttabandalaga

Lagt fram nefndarálit vinnuhóps um undirbúning á inntöku íþróttabandalaganna. Hópurinn hefur lokið störfum. GS fór yfir álitnið sem sent verður stjórn. Stjórn samþykkir að senda álit vinnuhópsins til sambandsaðila og íþróttabandalaga til kynningar.

11. Landsmót UMFÍ 2018

HV, ÖG, AIP, Ómar Bragi Stefánsson frá UMFÍ, Gunnar Gestsson og Þorvaldur Gröndal frá UMSS funduðu á Akureyri um undirbúning Landsmóts UMFÍ á Sauðárkróki 2018. Fundargerð verður send á stjórn.

Stjórn staðfestir HV, ÖG og AIP sem fulltrúa UMFÍ í Landsmótsnefnd. Unnið er að því að fullskipa landsmótsnefnd.

12. Ferð sambandsaðila á Landsmót DGI 2017

Væntanleg ferð sambandsaðila UMFÍ á Landsmót DGI í Álaborg 28. júní – 3. júlí 2017 kynnt. Hún var einnig kynnt framkvæmdastjórum sambandsaðila á fundi 3.2.2017. Skráningarfrestur í ferðina er til 28. apríl.

13. Ársþing / aðalfundir sambandsaðila 2017

Lagður fram listi um tímasetningar þinga sambandsaðila sem borist hafa. AIP gerir tillögu um skiptingu þinga milli stjórnarmanna. HV fór yfir minnispunkta fyrir stjórnarmenn sem heimsækja þing.

Umræðar um heiðursviðurkenningar UMFÍ og reglur þar um. HeJ tekur að sér að yfirfara reglurnar.

Samþykkt að veita tvö gullmerki.

HeJ yfirgaf fundinn 14:00.

14. Fundarplan stjórnar 2017

Lagt fram fundarplan stjórnar til kynningar. Fundur í apríl verður skoðaður betur síðar.

15. Sambandsþing UMFÍ 2017

Verður á Hótel Hallormsstað 13. – 15. október. HV hvetur fólk til að koma tímanlega með mál til umræðu á þinginu.

16. Auglýsingar ULM 2020 og LM 50+ 2019

Auglýst var eftir mótshöldurum fyrir mótin. Frestur til að skila inn umsóknum er til 31. maí. ÖG lagði til að einnig yrði auglýst eftir mótshaldara fyrir Landsmót UMFÍ 50+ 2020. Samþykkt.

Rætt um umsóknarferli fyrir ULM. Stjórn óskar eftir að tillögur frá framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóra liggi fyrir eigi síðar en 1. maí.

17. Önnur mál

a) Stjórn þakkar ungmennaráði og starfsfólki UMFÍ fyrir glæsilegt umræðupartý með ungu fólki af öllu landinu sem haldið var 3.2.2017 í höfuðstöðvum UMFÍ.

b) SÓJ óskaði eftir að stjórn hefði aðgang að fundargerðum nefnda um leið og þær eru tilbúnar.

**Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:50
GG ritaði fundargerð.**